

Nd. 635. Frumvarp til laga [273. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

a. Í stað „fjármálaráðherra“ í b-lið 1. gr. komi: dómsmálaráðherra.

b. d-liður 1. gr. orðist svo:

Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga hefur, ásamt Happdrætti Háskóla Íslands og Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, farið fram á heimild til þess að nota tölvu við drátt í happdrættinu. Er talið nauðsynlegt að breyta lögum happdrættisins til þess að unnt sé að verða við þessum tilmælum, og er frumvarp þetta flutt í því skyni. Samsvarandi frumvörp eru og flutt um breytingu á lögum um hin happdrættin.

Breyting sú, sem felst í a-lið 1. gr., er til samræmis við verkaskiptingu ráðuneyta samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969.